



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 14. júlí 2015
Tilv.: IRR15030065/0.13.1

Efni: Fyrirspurn - skrifleg um úrskurði um umgengni barna - Guðmundur Steingrímsson þskj.
1041

Vísað er til svars ráðherra við skriflegri fyrirspurn um úrskurði um umgengni barna við umgengnisforeldra, frá 15. apríl sl, sbr. þskj. 1207. Í svari ráðherra við spurningu nr. 2 kemur m.a. fram að samkvæmt upplýsingum frá sýslumannsembættum hafi sýslumaðurinn á Sauðárkróki og sýslumaðurinn á Höfn í eitt skipti hvor úrskurðað um umgengni sjö daga af hverjum 14 dögum. Önnur sýslumannsembætti hafi ekki úrskurðað umgengni sjö daga af hverjum 14 dögum frá því að umræddar breytingar á barnalögum tóku gildi. Þá hafi upplýsingar ekki verið tiltækar hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Þess bæri einnig að geta að sum sýslumannsembætti hefðu ekki úrskurðað um umgengni síðan síðustu breytingar á barnalögum tóku gildi.

Þann 24. júní sl. bárust ráðuneytinu þær upplýsingar frá sýslumanninum á Norðurlandi vestra að misfærsla hafi orðið í skráningu hjá embættinu og rétt væri að sýslumaðurinn á Sauðárkróki hefði aldrei úrskurðað um umgengni sjö daga af hverjum 14 dögum. Leiðrétt svar við spurningu nr. 2 er því að í eitt skipti hafi verið úrskurðað um umgengni sjö daga af hverjum 14 dögum og það hafi verið hjá embætti sýslumannsins á Höfn.

Fyrir hönd ráðherra


Hermann Sæmundsson


Svanhildur Þorbjörnsdóttir

598/144

Alþingi	
Málsnr.	1503043
Mótt.	- 1. sep. 2015
Malskykk	0,33.3